



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

postur@uar.is

Reykjavík, 3. desember 2018

Efni: Umsögn um tillögu að aðgerðaráætlun í plastmálum, S-184/2018

Samtök atvinnulífsins, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök iðnaðarins, SVP - Samtök verslunar og þjónustu og Samtök ferðaþjónustunnar (samtökin), skila sameiginlegri umsögn um tillöguna.

Almennt

Plast og varningur úr plasti er unninn úr efnum sem finnast í náttúrunni t.d. steinefnum, olíu, kolum, gasi og plöntum. Sellulósi úr plöntum var notaður til að búa til gervisilki á 19. öld og síðar sellófan og slíkar vörur. Algengast er þó að plast sé framleitt úr jarðefnum eins og olíu. Tegundir plasts eru ótalmargar og eru notaðar í alls kyns vörur sem hafa mikið notagildi. Plast er notað við heilbrigðisþjónustu t.d. í gervilimi, heyrnartæki, slöngur, snúrur og til að húða lyf. Í byggingum er plast notað í glugga, til einangrunar og sem rör svo dæmi séu tekin. Veidarfæri eru gerð úr plastefnum. Plast er mikilvægt í bílum og flugvélum og gerir þessa hluti léttari en ella og dregur því úr eldsneytisnotkun. Sjónvörp, símar og alls kyns raftæki eru að stórum hluta úr plasti. Umbúðir úr plasti draga úr matarsóun og eiga stóran þátt í að sú sóun er mun minni í Evrópu en þar sem geymslutæknin er ekki eins þróuð. Líftími matvæla verður lengri, hreinlæti eykst og flutningskostnaður lækkar vegna þess að plast er léttara en aðrar umbúðir t.d. úr tré eða málm. Plast á þannig ríkan hlut að verðmætasköpun á mörgum sviðum og notkun þess hefur orðið til þess að auka lífsgæði fólks.

Þetta er sagt til að minna á gagnsemi plasts og plastvarnings en ekki til að draga úr mikilvægi þess að gæta að umhverfisáhrifum við framleiðslu plasts og plastvarnings, að draga almennt úr notkun t.d. umbúða og að hvetja til endurvinnslu og endurnýtingar.

Á síðustu árum hafa áhyggjur af plastmengun í hafinu aukist og er talið að nokkur milljón tonn af plasti endi í hafinu á ári hverju. Langmest er talið koma frá ríkjum í Asíu þar sem úrgangssöfnun og meðhöndlun er langt á eftir því sem tíðkast t.d. í Evrópu. Sérstaklega hefur verið bent á s.k. örplast sem annars vegar getur stafað af hefðbundnu plasti sem brotnar niður undan áhrifum sólarljóss og annarra þátta og hins vegar plastagnir sem berast úr snyrtivörum, fatnaði og öðrum vörum.

Staðan á Íslandi

Söfnun og endurvinnsla úrgangs er lykilatriði þegar kemur að því að minnka sóun. Mikilvægt er að tryggja gott kerfi á söfnun úrgangs. Mikið hefur áunnist á undanförunum áratugum hérlendis og í alþjóðlegu samstarfi um umgengi á hafi. Samstarf og þátttaka fyrirtækja er lykilatriði til að aðgerðir skili árangri. Samtökin leggja áherslu á að horft sé heildstætt til betri nýtingar auðlinda, endurnýtingar og endurvinnslu.

Samtök í atvinnulífinu höfðu eftir aldamótin 2000 frumkvæði að stofnun Úrvinnslusjóðs og álagningar úrvinnslugjalds í tolli sem endurgreiddist þegar tilteknum úrgangsflokkum er skilað til endurvinnslu, endurnýtingar eða endanlegrar förgunar. Þetta tekur einnig til plastumbúða en hlutfall þess sem kemur til endurvinnslu hefur aukist jafnt og þétt. Heyrulluplast ber einnig úrvinnslugjald

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (og LÍÚ áður) hafa frá árinu 2005 annast söfnun og meðhöndlun á veiðarfæraúrgangi úr gerviefnum frá öllu landinu og árið 2016 fóru til endurvinnslu um 1100 tonn af slíkum úrgangi.

Söfnun og flokkun heimilisúrgangs hefur einnig tekið stórstíggum framförum á undanförunum árum. Árið 2017 var safnað á endurvinnslustöðvum Sorpu 735 tonnum af plasti. Í húsasorpsrannsókn Sorpu 2017 var hlutfall plasts talið um 18% og hafði lækkað undanfarin ár. Milli árana 2016 og 2017 jókst flokkað plast frá heimilum um 55% sem þýðir að endurvinnsla eykst. Í ársskýrslu Sorpu fyrir árið 2017 segir að á höfuðborgarsvæðinu falli um 9-10 þúsund tonn af plastumbúðum frá heimilum og þar af séu plastpokar um 720 tonn.

Burðarpokar úr plasti (aðgerð 1)

Mikilvægt er að horfa til heildarumhverfisáhrifa vöru þegar opinberir aðilar ákveða að beita stjórnsýsluáðgerðum til að stýra neyslu í þágu umhverfisverndar. Þröngt sjónarhorn, t.d. ef eingöngu er horft til enda lífsferils, getur orðið til þess að umhverfisáhrif falli af meiri þunga fyrir í lífsferlinu svo sem við framleiðslu eða flutninga. Einnig þarf að bera vöruna saman við staðgengilsvöru, þ.e. að meta hvað kemur í staðinn. Í skýrslu Umhverfisstofnunar Bretlands frá árinu 2011 er fjallað um niðurstöður vistferilsgreiningar á burðarpokum. Skoðaðir voru nokkrar gerðir plastpoka, bréfpokar og taupokar. Í öllum tilfellum eru umhverfisáhrifin langmest vegna hráefnanotkunar og framleiðslu. Flutningar og förgun hafa minniháttar áhrif. Fyrir allar gerðir af pokum er lykilinn að því að minnka umhverfisáhrifin sá að endurnota pokann eins oft og hægt er, hvort sem er til sömu nota, þ.e. innkaupa, eða sem ruslapoka. Nota þarf pappírspoka 3 sinnum og taupoka 131 sinnum til að gróðurhúsaáhrif séu minni en hefðbundinna plastpoka. Sé plastpokinn endurnotaður þarf að endurnota pappírs- og taupoka enn hefðbundnir plastpokar hafi marga kosti fram yfir aðrar tegundir poka sem skoðaðir voru.

Samtökin eru sammála þeirri stefnu sem fram kemur í aðgerðaáætluninni að burðarpokar úr plasti verði seldir eins og hver önnur vara en ekki afhentir án endurgjalds. Samtökin telja hins vegar enga ástæðu til að leggja sérstakan skatt á burðarpokana og að ekki eigi að banna þá með öllu. Bent er á að ESB hefur í tilskipun sett fram markmið um að minnka notkun á þessum pokum og ekki útlit fyrir annað en að þessi markmið náist auðveldlega hér á landi án banns. Auk þess má benda á að verslanir og þjónustufyrirtæki hafa þegar verið að taka úr notkun burðarpoka úr plasti og telja það styrkja sína samkeppnisstöðu á markaði. Líklegt er að þessi þróun haldi áfram á næstu árum og mikilvægt er að tekið verði mið af frumkvæði innlendra aðila til að draga úr notkun á plastpokum og fjárfestingum sem því hefur fylgt. Mikilvægt er að þessi þróun fái að halda áfram án frekari íþyngjandi opinberra aðgerða.

Bann við ýmsum einnota vörum (aðgerð 2)

Í maí sl. kynnti framkvæmdastjórn ESB drög að tilskipun til að draga úr umhverfisáhrifum tiltekins varnings úr plasti. Lagt er til að stjórnvöld á EES - svæðinu leitist við að upplýsa almenning um umhverfisáhrif plastvarnings, geri kröfu um að ákveðnar vörur verði merktar þannig að þær fari ekki í frárennsliskerfi, að framleiðendur beri aukna ábyrgð á vörum sem þeir framleiða og selja, að hönnun og frágangur tiltekinna vara sé bætt, stefnt að því að draga úr notkun ákveðinna vöruflokka og að takmörkuð verði markaðssetning tiltekins plastvarnings.

Samtökin telja mikilvægt að íslensk stjórnvöld fylgi ESB löggjöfnni en eins og víðar er þörf á að gæta íslenskra hagsmuna.

Nauðsynlegt er að stjórnvöld hefji sem fyrst viðræður við framkvæmdastjórn ESB þannig að nýjar kröfur samræmist kerfi Úrvinnslusjóðs hér á landi. Þar sem ætlunin er að koma á víðtækri ábyrgð framleiðenda verði lagt á úrvinnslugjald í tolli og það síðan nýtt til að greiða fyrir söfnun, endurnýtingu og endurvinnslu þeirra vara sem undir þetta munu falla.

Í tillögum framkvæmdastjórnar ESB er fjallað um veiðarfæraúrgang og að skipuleggja þurfi ábyrgð og söfnun hans. Hér á landi hefur þetta verið leyst með samkomulagi Úrvinnslusjóðs og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi. Þetta hefur reynst vel og stjórnvöld verða að sjá til þess að þetta geti rýmst innan ákvæða tilskipunarinnar áður en gengið verður frá henni endanlega.

Í drögunum að tilskipun er einnig fjallað um bann við markaðssetningu tiltekinna vara úr plasti eins og einnota hnífapörum o.fl. Eðlilegt er að fylgja ESB í þessu enda byggir bannið á því að staðgengilsvörur séu til staðar. Með því að fylgja ESB þarf ekki að senda væntanlegar tillögur í tæknilegt kynningarferli á EES – svæðinu, ólíkt því ef ákveðið verði að fylgja eftir tillögum sem hér eru til umsagnar. Samtökin leggja því áherslu á að fylgja stefnu ESB enda óljós ávinningur umhverfisins af öðru. Meginmálið er þó að gæta að og standa vörð um kerfi Úrvinnslusjóðs sem á nú þegar undir högg að sækja vegna aðgerða stjórnvalda, s.s. er varðar löggjöf um opinber fjármál og aðra löggjöf. Virðist þar fyrst og fremst um að ræða þekkingarleysi á starfsemi og hlutverki sjóðsins. Endurspeglast það í einstökum tillögum í áætluninni og því er mikilvægt að efla starfsemi sjóðsins og upplýsa bæði almenning og stjórnvöld um starfsemi hans.

Rannsóknasjóður plasts (aðgerð 3)

Samtökin telja enga þörf á nýjum rannsóknasjóði. Ríkið rekur þegar öflugan rannsóknasjóð og tækniþróunarsjóð auk AVS sem minnst er á í aðgerðaáætluninni. Styrkir úr þessum sjóðum eru veittir að undangengnu faglegu mati þar sem þau verkefni sem best eru talin hljóta styrki. Engin þörf er á sérstökum plastsjóði. Vænleg plastverkefni eiga greiða leið að þegar starfandi sjóðum.

Plastaðgerðaáætlun fyrir atvinnugreinar (aðgerð 8)

Eins og áður hefur verið lýst er plastnotkun hluti hins daglega lífs og vélar, tæki og tól með fjölmarga íhluti úr plasti. Veidarfæri eru meira og minna úr plastefnum. Það er engin leið að sjá hvað felst í þessari aðgerð og hver hinn umhverfislegi ávinningur kunni að vera. Ef átt er við að atvinnugreinarnar tileinki sér minni notkun einnota plasts, hugi að umbúðum um vörur sínar þá er það hluti af daglegum rekstri að minnka kostnað við aðföng en jafnframt verða fyrirtækin að gæta að geymsluþoli matvæla, kælingu og hagkvæmum flutningi. Því má segja að atvinnulífið starfi með þessi markmið að leiðarljósi án inngríps eða tilmæla stjórnvalda.

Vöktun plasts í hafi (aðgerð 13)

Samtökin eru sammála því að mikilvægt er að fylgjast með plastmengun í hafinu.

Bætt skólphreinsun (aðgerð 14)

Áður en ákveðið verður að setja kröfur um hreinsun örplasts úr frárennsli er nauðsynlegt að kannaður verði kostnaður við slíkt og hann settur í samhengi við umhverfislegan ávinning og hvort vera kunni að unnt væri að leysa annan og jafnvel brýnni vanda fyrir sama fé.

Bann við tilteknum hreinlætisvörum (aðgerð 16)

Samtökin minna á að EES - samningurinn leggur skyldur um frjálst flæði vöru á aðildarríkin. Allar takmarkanir þarf að tilkynna samningsaðilum. Tæknilegar viðskiptahindranir geta líka skarast á við skuldbindingar á vettvangi WTO og að tilkynna verður áform um hindranir líkt og bresk stjórnvöld gerðu vegna sambærilegra aðgerða.

Merkingar á staðbundnum veidarfærum (aðgerð 18)

Samtökin styðja að stuðlað verði að rekjanleika tapaðra veidarfæra. Í veidarfærum liggja miklir fjármunir og sjómenn slæða og leita tapaðra veidarfæra eins og kostur er; því má ekki álykta almennt um annað út frá því hve fáar tilkynningar berast. Samtökin telja mikilvægt að halda því til haga, að stór hluti af því plasti sem finnst í fjörum landsins og talinn er eiga uppruna sinn í sjávarútvegi kann að koma erlendum skipum.

Samtökin styðja þá tillögu sem sett er fram um að öll staðbundin veidarfæri séu merkt á skýran hátt líkt og kveðið er á um í reglugerðum nr. 671/2018 um veiðar á kröbbum, nr. 270/2018 um hrognkelsaveiðar, nr. 923/2010 um veiðar á skötusel í net og nr. 115/2006 um þorskfisknet. Samtökin gera þó þann fyrirvara að slík ákvæði verði útfærð í samráði við atvinnugreinina.



Að lokum

Samtökin telja í aðgerðaáætluninni sé að finna margar skynsamlegar tillögur, þar eru settar fram hugmyndir og ábendingar um hvernig megi draga úr plastnotkun, sérstaklega einnota plasti. Það skortir þó verulega á að meta annars vegar kostnað og hins vegar umhverfislegan ávinning. Samtökin telja því að hér sé aðeins um fyrsta skref af mörgum og að það muni taka töluverðan tíma að hrinda þeim í framkvæmd og kalli á enn frekara samstarf við hagsmunaðila sem og ítarlega kostnaðargreiningu.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka iðnaðarins

f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu

f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

f.h. Samtaka atvinnulífsins